



Slitlög - klæðingar, úttektir á Durasplitt klæðingum á Suðurlandi í desember 2020 og apríl 2021. Pétur Pétursson, Vegagerðin – maí 2021.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Á undanförunum árum hefur höfundur þessarar skýrslu tekið þátt í úttektum á klæðingum af ýmsum ástæðum. Segja má að slíkar úttektir á klæðingum eigi sér nokkuð langa sögu, en niðurstöður úttekta hafa fallið undir nokkur verkefni í gegn um tíðina.

Sumarið 2020 voru lagðir nokkrir klæðingakafar í tilraunaskini á Suðurlandi með innfluttu 8/16 mm Durasplitt steinefni sem flutt hafði verið sérstaklega til Þorlákshafnar í þeim tilgangi. Þess má geta hér að mikil og góð reynsla er af notkun Durasplitt steinefnis í malbik sökum þess hversu slitsterkt það er.

Í úttekt á klæðingum á Suðurlandi í desember 2020 var ákveðið að takmarka þær við klæðingar með 8/16 mm Durasplitt steinefni, enda eru skilyrði til úttekta stutt á þessum árstíma sökum birtuskilyrða. Aðal ástæðan fyrir því að taka þessar klæðingar sérstaklega út svo seint á árinu er sú að ekki hafði fundist tími til að fara í þessar úttektir fyrr, en full ástæða til að skrásetja og taka myndir af þessum tilraunaköflum áður en fyrsti vetur skylli á af fullum krafti. Einnig má benda á að tíðarfar hafði verið nokkuð gott framan af vetri og því höfðu þessar klæðingar ekki orðið fyrir mikilli áraun af völdum snjóplóga, þó í einhverjum mæli væri.

Aftur fór höfundur ásamt Kristni Lind Guðmundssyni á Suðursvæði Vegagerðarinnar í úttektir á sömu köflum á sömu stöðum og í sömu stöðvum og áður um miðjan apríl 2021. Tilgangurinn var fyrst og fremst að kanna hvort klæðingarnar hefðu skemmst að einhverju marki frá desember 2020 til apríl 2021, þótt veturinn hafi verið snjóléttur og ekki þörf á miklu vetrarviðhaldi. Í köflunum hér að neðan er úttektunum gerð skil og birtar myndir sem teknar voru í desember 2020 og svo myndir sem teknar voru aftur í sömu stöðvum í apríl 2021 til samanburðar. Þess má geta að skilyrði til slitlagaskoðunar voru ekki með besta móti við aprílúttektina, talsvert hvasst og rigning og því erfitt að athafna sig við myndatöku, þar sem linsan vildi blotna og safna á sig móðu. Þó má að mati höfundar sjá hvort eitthvað markvert hafi skemmst frá fyrri til seinni úttekt, enda kaflarnir sem um ræðir lagðir út ljósu steinefni á dökkt undirlag. Það veldur því að mun auðveldara er að átta sig á umfangi skemmda, sérstaklega við erfiðar aðstæður, en þegar dökkt steinefni sem er lagt á dökkt undirlag er tekið út.